



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Pórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Pórunnartúni 6, Rvk. 11. maí 2020 kl. 16:30-18:50.

(Fundur nr. 9. frá Kópavogi)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Kristinn H. Þorsteinsson, Þuríður Yngvadóttir, Björn Traustason, Valgerður Auðunsdóttir, Brynjólfur Jónsson, Jens B. Baldursson, Páll Ingbór Kristinsson, Sigrún Stefánsdóttir, Laufey Hannesdóttir, Þróstur Eysteinnsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem tók fundargerð).

Dagskrá fundar

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Samþykkt með smávægilegum orðalagsbreytingum.

2. Ársreikningur SÍ og S – Hún. undirskrift

Undirritað af mættum stjórnarmönnum.

3. Undirbúningur vegna 90 ára afmælis Skógræktarfélags Íslands

Komin er upp ný og óvænt staða: Forsetakosningar gætu orðið um sömu helgi og ráðhúsið er notað til kjörfundar.

Björn nefndi hugmynd til að leysa „2-m regluna“ í

lokakvöldverðinum í Hlégarði: Að halda hann úti ef veður leyfir.

Sama er að segja um rútur. Það ætti að vera í lagi að fara í rútum,

en ef bakslag verður í kórónuveirunni verður að taka afstöðu til þess; haga seglum eftir vindi.

4. Atvinnuáttak á vegum SÍ

Kynnt var erindi til Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra um atvinnuáttak á meðan kúfurinn af atvinnuleysinu væri að ganga yfir. Sótt var um 70 m kr. til þess að borga aðföng við stígagerð, skógarumhirðu o.fl. hjá skógræktarfélögum. Síðast tóku 15-20 skógræktarfélög þátt og þótti verkefnið takast vel. Nóg er til af plöntum.

Svör frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu eru ekki enn komin og ekki virðast neinir fjármunir fastir í hendi.

Staðan virðist sem ekkert eigi að gera annað en að leggja peninga í fyrirtæki sem eru á vonarvöl – og ekkert annað. Haldið verður áfram að óska eftir fundum með forsætisráðherra og fjármálaráðherra, en ef ekkert kemur út úr því, verður ekkert frekar hægt að gera (án peninga til að gera eitthvað).

5. Aðalfundur Yrkju

Skógræktin leggur til plöntur inn í Yrkjuverkefnið, þannig að úthlutað er 3 plöntum á nemanda til >100 skóla. Sjóðurinn hefur smám saman verið að rýrna og ljóst er að sjóðurinn verður að afla fjár í framtíðinni svo ekki dragist saman úthlutun plantna á næstunni. Yrkjusjóðurinn er nú um 83 m kr. en hann varð til með sölu á bók Vigdísar árið 1990.

SS lagði til að efnt yrði til athafnar í Vinaskógi á árinu með Vigdísí Finnbogadóttur.

6. Önnur mál m.a.

Tré lífsins

Erindi um samvinnu við skógræktarfélögin um að jarða duftker í skógum eða jafnvel rækta skóga í kringum duftkerin.

Ákveðið var að Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir komi til fundar við formann og framkvæmdastjóra SÍ.

Sjálfbóðaliðar

Hinir „raunverulegu sjálfbóðaliðar“ er ekki komnir til landsins, en á Úlfljótuvatni eru allmargir erlendir sjálfbóðaliðar á uppbotaleiðinni og starfa þar við margt. Fjögur þeirra búa á Úlfljótuvatni. Þegar hinir „raunverulegu“ koma á vegum Erasmus í lok maímánaðar, verða þeir að fara í 2-vikna sóttkví.

Rótarskot

Það var mun minni sala og mun minni kynning við síðustu áramót. Eftir er að fá sundurgreint uppgjör á hverjum stað.

Landgræðsluskógar

Úthlutun ársins lauk í síðustu viku og annaðist Jón Ásgeir það verk. Búið er að semja um flutning á plöntunum. Skúli Björnsson annast um flutninga frá Sólskógum (Akureyri) og Kvistum (Biskupstungum). Um er að ræða 400 þúsund plöntur af 5-6 tegundum.

Samningar

Erindi frá Landvernd, vegna úrsagnar Skógræktarfélags Íslands úr Landvernd. Ákveðið var að greiða atkvæði um úrsögn úr Landvernd og verður það gert með tölvupósti sem senda skal á Brynjólf.

Skógræktarritið kemur út um næstu mánaðarmót.

Björn sagði frá því að SÍ hefði sótt um til Nýsköpunarsjóðs námsmanna um 3-mánaða sumarstarf vegna „Skógartalna“.

Jón Ásgeir og Gústaf Jarl hafa verið að ræða við Björn um jarðvinnslutæki (TTS-herfi) á höfuðborgarsvæðinu.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 18:50.